

Félagsfundur GHG 12. okt. 2014 kl. 20.00 í Golfskála.

Auðunn Guðjónsson stýrir fundi, Sigrún Arndal ritar fundargerð

Fundarmenn voru 18 með stjórn.

Dagskrá:

1. Setning og inngangur – Auðunn Guðjónsson setti fund, kynnti fundarstjóra og fundarritara og sagði frá tilurð fundarins.
2. Vinna við mótun framtíðarplans og ráðstafanir – Auðunn fór yfir starf stjórnar við gerð sviðsmynda til að finna út heppilegt rekstrarform fyrir klúbbinn miðað við tekjur. Fyrri stjórn var búin að draga saman með því að fækka starfsmönnum á velli og í skála. Niðurstöður úr þessari vinnu eru þær að vallarstjóri verður heilsársstarfsmaður GHG í 100% starfi frá 1. apríl til og með 30. sept. Og í 50% starfi þar fyrir utan. Sumarleyfi og yfirvinna sem tekin er út í frí verða tekin á þeim tíma sem vallarstjóri er í 50% starfi. GHG mun aðstoða vallarstjóra við að fá 50% starf annars staðar yfir vetrartímann. Er sú vinna í gangi. Starf framkvæmdastjóra í núverandi mynd hefur verið lagt niður. Samningi við framkvæmdastjóra var sagt upp frá 1. ágúst s.l. en hann mun ganga frá bókhaldi fyrir yfirstandandi rekstrarár. Ráðið verður í nýtt starf með vinnuheitið umsjónarmaður rekstrar, frá 1. apríl 2015. Starf þetta er ekki hugsað sem heilsársstarf. Starfið verður nánar útfært eftir nýja samninga við Hveragerðisbæ. Stjórn mun sjá um framkvæmd þeirra verkefna sem upp koma og fyrir liggja til 1. apríl 2015.

Auðunn fór yfir ýmiss mál m.a. hvað verður lagt fram á aðalfundi þ.e. uppgjör og áætlanir til samþykktar. Auðunn sagði einnig frá því að 3ja manna nefnd (Auðunn, Össur og Morten) hefði hafið viðræður um endurnýjun samnings við Hveragerðisbæ. Sagt var frá því að síðasti félagsfundur var í maí, m.a. til að kynna sumarstarfið. Einnig var sagt frá því að fundargerðir stjórnar væru birtar á heimasíðu klúbbsins um leið og þær hefðu verið samþykktar.

3. Önnur mál – Aðallega var rætt um tækjakost og endurnýjun hans. Fram kom að stjórnin áætlaði að skapa svigrúm út úr rekstrinum til endurnýjunar tækjakosts og hefur hug á því að endurnýja eina vél næsta vor. Upplýst var að félagsmenn væru tæplega 160 fyrir utan þá sem eru með aðild eftir sérstökum samningum.

Fyrirspurnir úr sal voru m.a. um eftirfarandi: Tækjakost, vinnu fyrir Hveragerðisbæ, meðaltalstekjur klúbbsins, aðsókn að vellinum, vallargjald, stækkun á vellinum, jarðarleigu, eignarhald lóðar og skála, framkvæmdir á þaki og fjölda stjórnarmanna. Sagt var frá fjármálateymi sem í hafa setið Auðunn, Össur og Kristinn. Einnig sagt frá kosningum á nýju fólki í stjórn. Á næsta aðalfundi á að kjósa formann til 2ja ára og 3 stjórnarmenn til 2ja ára + 1 stjórnarmann til 1 árs.

Fundi slitið kl. 20:50